

FORSETA BRÉF

63

10. nóv.

um að reglulegt Alþingi 1959 skuli koma saman til fundar
föstudaginn 20. nóvember 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1959 skuli koma saman til fundar föstudaginn 20. nóvember 1959.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gjört að Bessastöðum, 10. nóvember 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

AUGLÝSING

64

20. nóv.

um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Eftir tillögu forsætisráðherra og samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar hefur forseti Íslands í dag sett eftirfarandi ákvæði um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

- I. Forsætisráðherra Ólafur Thors. Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, mál, er varða forsetaembættið, Alþingi, nema að því leyti, sem öðru vísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdastjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, er varða stjórnarráðið í heild, hin íslenska fálkaorða og önnur heiðursmerki. Þingvallanefnd og mál varðandi meðferð Þingvalla. Ríkisbúið að Bessastöðum. Athuganir á efnahagsmálum í umboði ríkisstjórnarinnar allrar.
- II. Ráðherra Bjarni Benediktsson. Undir hann heyrir dómaskipan, dómsmál, þar undir framkvæmd refsídóma, hegninga- og fangahús, tillögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málflutningsmenn, lögreglumálefni, þ. á m. gæzla landhelginnar og löggjöf um verndun fiskimiða landgrunnsins, áfengismál, strandmál, sifjaréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignarréttarmál, yfirfjárráðamál, lög um kosningar til Alþingis og kjördæmaskipting, umsjón með framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgararéttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, húsameistari ríkisins, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. Kirkjumál. Heilbrigðismál, þar undir sjúkrahús og heilsuhæli. Iðju- og iðnaðarmál, þar undir Iðnaðarbankinn, Iðnaðarmálastofnun Íslands, útflutningur iðnaðarvara. Sementsverksmiðja ríkisins. Landsmiðjan, iðnfélög, öryggiseftirlit. Einkaleyfi.
- III. Ráðherra Emil Jónsson. Undir hann heyra sjávarútvegsmál, nema að því leyti, sem öðru vísi er ákveðið, þar undir Fiskifélagið, Fiskimálasjóður og Fiskeiðasjóður Íslands, sildarútvegsmál (sildarverksmiðjur og sildarútvegsefnd), sjávarvöruiðnaður og útflutningur sjávarafurða. Vita- og hafnamál, strandferðir. Almenn siglingamál, þar undir atvinna við siglingar. Skipaskoðun ríkisins, Eimskipafélag Íslands h.f. Félagsmál, almannatryggingar, atvinnu-